

Ed.

552. Frumvarp

til laga um friðun Þingvalla og Þingvallaskógar.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Almannagjá og sá hluti Brúsastaða- og Þingvallakirkjulands, sem er austan hennar, en sunnan Armannsfells og beinnar stefnu milli Stóragils og Hlíðargjár, skulu tekin undan jörðunum að öllu leyti og vera friðlýst.

2. gr.

Til aðstoðar landsstjórninni ræður nefnd manna yfir hinu friðlýsta svæði. Í nefnd þessari eiga sæti þjóðmenjavörður og þeir menn aðrir, er landsstjórnin skipar. Nefndarmenn skulu starfa kauplaust.

3. gr.

Nefnd þessi kallast Þingvallanefnd. Verkefni hennar er að gera ráðstafanir til að verja hið friðlýsta svæði hvers konar skeiðum. Samkvæmt tillögum hennar ákveður landsstjórnin með sjerstakri reglugerð um notkun þess og friðun, ræður umsjónarmann með því og setur honum erindisbrjef. Landsstjórnin getur heimilað nefndinni að láta taka gjald af þeim mönnum, er óska að dvelja á hinu friðlýsta svæði, og má nefndin þá verja því fje til friðunarinnar.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.